

**Ed.**

**490. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Frá meiri hluta allsherjarnetndar.

Allsherjarnefud hefir ekki orðið á eitt sátt um frumv. þetta. Við undirritaðir viljum ekki nú þegar ganga inn á að breyta lögum þeim, sem hjer um

ræðir, áður en þau eru að fullu komin til framkvæmda og áður en fengin er nokkurn reynsla fyrir því, hvernig þau gefast í framkvæmdinni. Teljum við rjettara að láta reynsluna skera úr um það, hvort breytinga er veruleg þörf og hver ákvæði laganna það ern, sem efiðleikum og misrjetti kynnu að valda. Við leggjum því til, að mál þetta verði afgreitt með svo hljóðandi

#### DAGSKRÁ:

Þar sem lög nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, eru enn ekki að fullu komin til framkvæmda og því ekki fengin reynsla nm, hvernig þan gefast í framkvæmd, þá telur deildin ekki tímabært að breyta þeim að svo stöddu, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. mars 1928.

Ingvar Pálmason, Jón Þorláksson.  
fundaskr. og frsm. meiri hl.